

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

Fundurinn, fjarfundur í Teams, var haldin fimmtudaginn 15. október 2020 og hófst hann kl. 12:00.

Á fundinum voru: Haraldur F. Gíslason, fyrir hönd Félags leikskólakennara. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Breytingar á samþykktum Vísindasjóðs FL og FSL.

Í samræmi við niðurstöðu 204. fundar stjórnar Vísindasjóðs og umræðu á samráðsfundi stjórnar með samningsaðilum þann 14. október s.l. leggur sjóðstjórn til við samningsaðila að styrkur vegna hópferða innanlands verði hækkaður frá og með 1. október 2020 úr kr. 40.000 í kr. 80.000 og einstaklingsstyrkur verði hækkaður í kr. 350.000 á hverju tveggja ára tímabili.

Niðurstaða:

Samningsaðilar eru sammála um að styrkir vegna hópferða innanlands verði hækkaðir í kr. 80.000 og einstaklingsstyrkir verði kr. 350.000 á hverju 24 mánaða tímabili sbr. samþykktir sjóðsins. Breytingin taki gildi vegna starfspróunar og hópferða sem farnar eru innanlands frá og með 1. október 2020.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:15.